



Kennarar:	Kjartan Ólason, kjartan@fsu.is Kristjana Sigríður Skúladóttir, kristjanas@fsu.is Magnús Másson, magnus@fsu.is	KÓ KSS MM
------------------	--	--------------------------------------

Undanfari: STÆR1AJ05

Markmið:

- Nemendur kynnist frumhugtökum Evklíðskrar rúmfræði.
- Nemendur þekki hornasummu þríhyrninga og geti notað þá þekkingu við lausn viðfangsefna.
- Nemendur læri að notfæra sér reglur um hringi og horn við þá.
- Nemendur tileinki sér reglu Pýþargórasar og reglur um einslaga þríhyrninga.
- Nemendur þjálfist í flatarmáls- og rúmmálsreikningum.
- Nemendur kynnist skilgreiningum á hornaföllum, þ.e. sínus, cosínus og tangens og reglum um þríhyrninga leiddum af þeim.

Kennslubækur og önnur kennslugögn:

- STÆ 103 eftir Jón Þorvarðarsson. Reykjavík 2012.
- Ljósritað ítarefni frá kennara.
- Vasareiknir (scientific), reglustrika og gráðubogi.
- Nemendum er bent á að notfæra sér internetið t.d. myndbönd á youtube, KHAN-akademy, rasmus.is o.fl.

Verkefnaskil og próf:

Á önninni verða lögð fyrir 4 lotupróf ásamt heimadæmum og ýmsum verkefnum.

Nemanda er skylt að taka öll lotuprófin á tilsettum tíma. Sé nemandi fjarverandi þá kennslustund sem tilkynnt hefur verið um próf, tekur hann prófið strax í næstu kennslustund eða við fyrsta tækifæri í samráði við kennara.

Námsmat:

Lotupróf, heimaverkefni og tímadæmi mynda annareinkunn. Annareinkunn getur ekki hækkað lokaekunn nemanda upp fyrir einkunnina 4 sé um fall að ræða hjá honum á lokaprófi.

Lokaeinkunn skiptist svona:

Vægi lokaprófs	70%
Vægi annareinkunnar	30%

Annareinkunn skiptist svona:

Vægi lotuprófa	70%
Vægi heima-/tímadæma	30%

Mögulegt er að sleppa við lokapróf og láta annareinkunn gilda sem lokaeinkunn áfangans ef nemandi uppfyllir eftirfarandi.

Skilyrði til að sleppa lokaprófi:

- Ná meðaltalinu 6 úr öllum lotuprófum
- Skila **öllum** verkefnum á réttum tíma
- Ná sérhverju lotuprófi (yfir 4,5)

Mikilvægt að hafa í huga:

- Eigi nemandi kost á að sleppa lokaprófi, þá fær hann staðfestingu á því frá kennara sínum áður en kennslu annarinnar lýkur, með skilaboðum í Innu og/eða í tölvupósti í FSu netfangið sitt. Aðrir eiga að mæta í lokapróf. Skróp í lokaprófi gefur fallelkunn (F).
- Nemandi sem skilar rafrænum verkefnum þarf að tryggja að verkefnin séu á læsilegu sniði (format).

Áætlun um yfirferð í áfanganum:

Vika	Efnisatriði	Blaðsíðutal	Lotupróf
1-2	7. Kafli. Um horn	113-118	
3-5	8. Kafli. Þríhyrningar	119-172	LP1 viku 4
6-7	9. Kafli. Hringir	173-196	
8-9	10. Kafli. Flatarmál	197-216	LP2 viku 8
10-12	11. Kafli. Rúmmál. Yfirborð	241-256	LP3 viku 12
13-17	12. Kafli. Hornaföll	217-240	LP4 viku 17
18	Upprifjun	Allt	

Áætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.

Athugið:

Fjarvera lengur en 10 mín. úr kennslustund jafngildir **F**.

Vetrareinkunn reiknast ávallt inn í lokaeinkunn nemenda samkvæmt uppgefnum vægisþáttum í kennsluáætlun. Þó mun hún ekki hækka lokaeinkunn nemanda upp fyrir einkunnina 4 sé um fall að ræða hjá honum á lokaprófi.

Notkun farsíma í prófum er með öllu óheimil.

Heilræði:

Mættu ávallt í kennslustundir og nýttu þær vel. Mættu með öll gögn sem til þarf. Ef þú þarft meiri hjálp er sjálfsagt að nýta viðtalstíma kennara en tímasetning þeirra verður auglýst fljótlega. Einnig verða vikulegir stoðtímar í stærfræði í boði á önninni og tímasetning þeirra og skráning auglýst með skilaboðum í Innu fljótlega.

FSu 5. janúar 2022

Með ósk um góðan árangur á önninni.

Kjartan, Kristjana og Magnús